

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-54/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 6. júlí sl. bað X, f.h. húsfélagsins Y, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnt gagnaðili. Álitsbeiðandi telur að húsfélaginu beri ekki að greiða fyrir þjónustu gagnaðila, þar sem aldrei hafi verið beðið um þjónustuna. Krefst álitsbeiðandi því að gagnaðili endurgreiði húsfélaginu kr. 189.295.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur um viðskipti sem falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lög nr. 42/2000 um þjónustukaup og lög nr. 48/2003 um neytendakaup er á valdsviði nefndarinnar, þ.e. að nefndin gefur álit sitt á því hvernig hann eigi að leysa. Sá ágreiningur sem lýst er í álitsbeiðni varðar hvort samningur hafi komist á milli húsfélagsins X og Y um að síðarneftndi aðilinn tæki að sér að þvo glugga fasteignarinnar að X. Óskaði álitsbeiðandi f.h. húsfélagsins um tilboð í gluggaþvottinn, en skv. tölvupóstsamskiptum sem fylgdu álitsbeiðni kemur síðan fram að húsfélagið hefði ekki hug á því að svo stöddu að láta gagnaðila þvo gluggana. Um miðjan ágúst 2015 voru gluggarnir engu að síður þvegnir af gagnaðila og húsfélaginu í kjölfarið sendur reikningur að fjárhæð kr. 189.295, en reikningurinn var skuldfærður sjálfvirkt af reikningi húsfélagsins. Ætti ágreiningur aðila eðli sínu samkvæmt að falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Í 1. gr. þeirra laga segir að lögin taki til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi þegar veitt þjónusta feli m.a. í sér vinnu við fasteignir o.fl. Lögin áskilja þannig að komist hafi á samningur milli aðila svo ágreiningur þeirra geti fallið undir lögin. Eins og málið er lagt fyrir nefndina verður ekki séð að komist hafi á samningur milli aðila. Í áðurneftndum lögum er og ekki fjallað um hvernig leyst skuli úr ágreiningi um það hvort slíkur samningur hafi komist á.

Fellur það þannig utan valdsviðs nefndarinnar að gefa álit á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðninni. Af þeim sökum er óhjákvæmilegt fyrir kæruneftndina að vísa frá sér álitsbeiðni X, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kæruneftndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson